



Verðfyrirspurn: Viðhald og eftirlit með vörslugirðingu höfuðborgarsvæðisins.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) leita að verktaka til að að sinna viðhaldi og eftirliti á vörslugirðingu höfuðborgarsvæðisins.

1. Um girðingu

Um er að ræða um 33 km langa vörslugirðingu sem liggur frá Laxá í Kjós um Stóra-Sauðafell, suður með Fellsenda, með Þingvallavegi til vesturs að Leirvogsa, vestan Leirvogsvatns til suðurs, austan við Geldingatjörn eftir Seljabrekku. Þaðan austan við Grímansfell suður yfir Leirdali og niður í Seljadal og áfram austan við Silungatjörn suður þar sem hún þverar Nesjavallaveg að Helliðsheiði. Áfram liggur girðingin suður yfir Vörðuhóla og Skyggisdal þar til hún mætir raflínuvegin á Elliðakotsheiði. Girðingin þverar veginn og heldur áfram suður yfir Elliðakotsland vestan við Leirdal. Áður en girðinging kemur að Nyrðri Fossvalaá tekur hún krappa beygju til austurs þar sem hún er leidd að brúarþverun fyrir raflínuvegin, norðan við Suðurslandsveg.

Girðingunni er ætlað að verja byggð, útivistar- og skógræktarsvæði fyrir ágangi búfjár. SSH hafa frá upphafi annast rekstur og viðhald girðingarinnar.

2. Almenn um verkefnið

Verkefni sem ætlað er að samningur taki til:

2.1. Áætlun um árlegt viðhald

Verktaki kannar árlega hversu mikil þörf sé á viðhaldi og gerir verkáætlun sem hann afhentir verkkaupa til yfirferðar og afgreiðslu. Skal viðhald samkvæmt þeirri áætlun fara fram að vori eins fljótt og hægt er m.t.t. veðurs og snjólaga og skal lokið fyrir 15. júní ár hvert. Skal viðhald vera með þeim hætti að girðing hafi fullt vörslugildi og sé ekki hættuleg eða til óþrýði.

2.2. Eftirlit og tilfallandi viðhald

Gert er ráð fyrir að verktaki fari með girðingunni til eftirlits og nauðsynlegs viðhalds tvisvar í mánuði í júní, júlí og september og þrisvar í ágúst.

Við lok hvernar eftirlitsskoðunar skal gefin út ástandsskýrsla og skal gerð grein fyrir ef þörf er á frekara viðhaldi.

Berist ábendingar um ástand girðingarinnar á öðrum tímum skal brugðist við með skoðun og lagfæringum, sé eftir því óskað af hendi SSH. Viðkomandi þarf að vera til taks frá maí til október eða fá annan verktaka í sinn stað ef þess þarf.

2.3. Endurnýjun og stærri viðhaldsverkefni

Ef ástand girðingar er með þeim hætti að hefðbundið viðhald dugar ekki til að viðhalda fullu vörslugildi skal gera sérstaka samninga um stærri viðhaldsverkefni og/eða endurnýjun girðingarinnar.

3. Tímaviðmið og greiðslur reikninga

Gert er ráð fyrir að vinna við viðhald og eftirlit að vori, auk reglubundinna skoðana og tilfallandi viðhalds auk útkalla vegna ábendinga um ástand girðingarinnar, taki í heildina um 240 tíma á ári. Ef unnið er umfram umsaminn tímafjöldi skal samið um það sérstaklega.

Greiðsla fer fram 15 dögum eftir útgáfu reiknings sem byggir á samþykktri tímaskýrslu þar sem fram koma upplýsingar um innihald og framvindu verks.



4. Verðfyrirspurn

4.1. Tilboðsgerð

Þau sem hafa áhuga á framangreindu verki skulu senda **fast tímaverð** í verkið m.v. lýsingu hér að framan. Tímaverð skal taka mið af viðhaldi og eftirliti. Miðað skal við að verktaki leggi til öll tæki og verkfæri og annað sem til þarf. Öll vinna, upphald, ferðir, áhöld, ökutæki, vélar, skattar og skyldur, hverju nafni sem þau nefnast og nauðsynleg eru til að ljúka verkinu, skulu vera innifalið í tímaverði. Þá skal virðisaukaskattur vera innifalinn í uppgefnu verði. Efniskostnaður greiðist sérstaklega og skal verktaki upplýsa um hann fyrirfram, þ.e. samhliða því að gerð er áætlun um viðhaldsþörf.

Þá skal tilboðsgjafi senda stutta greinargerð (hámark hálf blaðsíða) með lýsingu á reynslu og þekkingu er tengist girðingarvinnu eða sambærilegum verkum.

4.2 Skilyrði og áskilnaður

Verktaki ber alla ábyrgð á framkvæmd verksins og jafnframt vinnu undirverktaka sinna, ef einhverjir verða.

Verktaki skal hafa ábyrgðartryggingu sem bætir þann skaða sem hann kann að valda við framkvæmdina, jafnt verkkaupa sem þriðja aðila.

4.2. Val á verktaka

Fyrirhugað er að gera samning á grundvelli lægsta verðs sbr. 4.1 að uppfylltum þeim skilyrðum og kröfum, þ.á.m. er varðar þekkingu og reynslu af sambærilegum verkum, sem koma fram í verðfyrirspurn. Á þessu stigi er um óbindandi tilboð að ræða og val verkkaupa á tilboði er með fyrirvara um samþykki stjórnar SSH.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Fyrirhugað er að samningur verði gerður a.m.k. til tveggja ára og með mögulegri framlengingu.

5. Skil á tilboði

Upplýsingar samkvæmt framangreindu skal senda til ssh@ssh.is eigi síðar en 26. apríl 2024.

Fyrirspurnir skal senda á netfangið jon@ssh.is

Með góðri kveðju

Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn

Kort af girðingu: <https://www.ssh.is/is/verkefni/hofudborgargirding>



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Frétt af heimasíðu SSH: <https://www.ssh.is/is/frettir/hofudborgargirðingin>

Lýsing á einstaka girðingarhlutum

Fellsendi fjall

Þessi kafli er um 7-8 km. Girðing liggur upp með Bugðu upp á há heiðina þaðan upp á Stóra Sauðafell niður eftir fellinu í átt að Fellsenda og endar í hliði neðan fellsins. ***Þessa girðingu þarf að fjarlægja og er hún ekki hluti af verðfyrirspurn. Sérstaklega verður samið um verk við að fjarlægja girðingu.***

Fellsendi með vegi

Það er ekki straumur á þessari girðingu. Girðingin er mikið í mýrum og liggur að mestu með veginum (30 til 300 metra frá vegi). Þessar girðingar þarf að fjarlægja á næstu árum og verður það gert í samstarfi við landeigendur og á grundvelli sérstakra verksamninga. ***Þessa girðingu þarf að fjarlægja og er hún ekki hluti af verðfyrirspurn. Sérstaklega verður samið um verk við að fjarlægja girðingu.***

Seljabrekka

Liggur frá Bugðu norðan Leirvogsvatns sunnan Geldingartjarnar að ristarhliði á línuveg í Bringunum ca 7 km. Einnig eru tengigirðingar frá Seljabrekku, önnur frá afleggjara til austurs töluvert langt með Þingavallavegi og þar tekur hún 90 gráðu beygju og liggur upp á hálsinn og tengist aðalgirðingunni milli vatnanna. Þessi girðing færir girðinguna frá Bugðu að ristarhliði á Bringavegi um 3,5 km. Hin tengigirðingin liggur frá afleggjara niður með Þingvallavegi að línuveginum upp í Bringur og með honum að ristarhliði, þessi girðing færir girðinguna með Grímansfelli. Um 2,5 km. Mest af þessu landi er fremur blautt.

Grímansfell

Þessi kafli er um 10 til 12 km langur. Girðingin liggur frá ristarhliði við Bringur og að námunni í Þormóðsdal. Fyrstu 2 km eru í mýrlendi. Eftir það er hún eftir melum. Frá námunni er gamall línuvegur meðfram girðingunni að mestu þangað til komið er að hæsta punkti (ca 6 km) þaðan liggur hún niður í Bringur og er nokkuð frá línuveginum.

Náma - Lækjarbotnar

Þessi hluti girðingarinnar er á melum og liggur yfir einn læk. Þessi girðing er um 5 til 6 km rafgirðing og er hún knúin af batterýsspennum sem eru geymdir við Nesjavallaveg. Endinn við Lækjarbotna er um 2 km netgirðing sem er ný. Hún endar í ræsi sem er girt.